

Matorka ehf.
Hlíðasmára 6
201 Kópavogur

Egilsstaðir, 12.7.2024
UST202402-131/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 8. maí 2024 - Matorka, Fellsmúla, ID 217

Þann 8. maí sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Matorku, Fellsmúla. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Losun fosfórs árið 2021 var umfram heimiluð mörk í starfsleyfi.
Fosfórlosun árið 2023 var undir mörkum og er frávikinu því lokað.

Þrjú ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Fylgjast þarf vel með fóðurnotkun og tryggja að réttar upplýsingar, t.d. um fóðurstuðul, séu sendar eftirlitsaðila.
2. Vöktunaráætlun dags. 22.1.2015 er til staðar. Gildistími hennar kemur ekki fram í áætluninni. Samkvæmt starfsleyfi skal vöktunaráætlun vera til afmarkaðs tíma hverju sinni og er nú farið fram á endurskoðun hennar.
3. Takmarka skal eins og mögulegt er, vöxt sveppa í frárennsli.

Þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.6 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var ekki skilað fyrir 1. maí 2024.
Grænu bókhaldi var skilað þann 22. maí 2024 og er frávikinu því lokað.
2. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Losun fosfórs árið 2022 var umfram heimild í starfsleyfi.
Fosfórlosun árið 2023 var undir mörkum og er frávikinu því lokað.
3. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Ársyfirliti fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 14. ágúst 2024.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur